

5. Frumathugun á ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu

Tengir ehf. er að vinna frumathugun á ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu.

Málinu frestað til næsta fundar þar sem tilheyrandi gögn bárust ekki í tíma.

6. Bréf frá SSB orku

Fyrir fundinum liggur bréf frá SSB orku dags. 2. júlí s.l. SSB orka árformar að virkja í Svartá í Bárðardal. Óskað er eftir því að sveitarfélagið skoði þátttöku í verkefninu með lagningu ljósleiðara í huga.

Sveitarstjórn er reiðubúin að skoða erindið að því gefnu að RARIK verði þátttakandi í verkefninu og felur sveitarstjóra og oddvita að afla frekari upplýsinga.

7. Gerð landbótaáætlana

Fyrir fundinum liggur erindi frá Guðmundi Stefánssyni, sviðsstjóra f.h. Landgræðslu ríkisins dags. 16. júlí s.l. um gerð landbótaáætlana. Þann 1. janúar 2014 tók gildi ný reglugerð nr. 1160/2013 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Í ákvæði til bráðabirgða, 4. mgr. segir að landbótaáætlanir sem gerðar voru í samræmi við eldri reglugerð nr. 10/2008 skuli uppfærðar í samræmi við ákvæði nýrrar reglugerðar og skal því lokið fyrir 31. desember 2014.

Samþykkt að visar erindinu til Atvinnumálanefndar.

8. Samningsdrög um refaveiðar

Lögð fram samningsdrög milli Þingeyjarsveitar og Umhverfisstofnunar um endurgreiðslu til sveitarfélaga um refaveiðar 2014-2016 ásamt yfirliti yfir endurgreiðsluhlutföll sveitarfélaga.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samningsdrög og visar þeim til Atvinnumálanefndar til að vinna að frekari útfærslu við framkvæmd þeirra. Sveitarstjóra falið að kynna samningsdrögin fyrir grenjaskyttum.

9. Viðtalstími kjörinna fulltrúa

Oddviti lagði til að kjörnir fulltrúar yrðu með skipulagða viðtalstíma fyrir íbúa. Tillaga oddvita var eftirfarandi:

Oddviti verði með viðtalstíma hálfmánaðarlega á skrifstofu sveitarfélagsins.

Aðrir kjörnir fulltrúar, tveir frá meirihluta og einn frá minnihluta, verði með tvo fundi fyrir áramót, annars vegar í Stórutjarnaskóla og

hins vegar á Breiðamýri. Íbúar geti þá ýmist mætt á fundarstað eða hringt í kjörna fulltrúa. Fundir verði haldnir eftir 15. september n.k. og auglýstir í tíma á heimasíðu sveitarfélagsins og í Hlaupastelpunni. Ákvörðun um framhaldið verður tekin við gerð fjárhagsáætlunar 2015.

Samþykkt samhljóða.

10. Styrkbeiðni – Félag eldri borgara í Þingeyjarsveit

Tekið fyrir erindi frá Stefáni Skaftasyni f.h. Félags eldri borgara í Þingeyjarsveit dags. 15. júlí s.l. þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 600 þús.kr. vegna sumarferðar félagsins 2015.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og visar því til gerðar fjárhagsáætlunar 2015.

11. Fjárhagsstaða – sex mánaða staða lögð fram

Fjárhagsstaða sveitarfélagsins, fyrstu sex mánuði ársins 2014 lögð fram. Fjárhagsstaðan er innan fjárhagsáætlunar en búast má við að snjómokstur fari framúr áætlun þar sem fjárheimild hefur nú þegar verið fullnýtt. Umræðum vísað til næsta fundar.

Lagt fram til kynningar:

- a. Fundargerð 817. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- b. Fundargerð 256. fundar stjórnar Eyþings
- c. Fundargerð stjórnar DA sf. frá 23.07.2014
- d. Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 07.07.2014
- e. Fundargerð hluthafafundar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 25.07.2014
- f. Fundargerð aðalfundar Greiðrar leiðar ehf. frá 10.06.2014
- g. Ályktanir LSS 2014

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:05



Sumarstund í Hálaskirkju.

Sunnudagskvöldið 17. ágúst kl. 20.00 verður hugljúf sumarstund í Hálaskirkju. Um er að ræða sameiginlega stund fyrir Hálssókn, Ljósavatnssókn og Lundarbrekkusókn. Óskar Pétursson syngur vel valin lög t.d. lög sem hann er kunnur fyrir með undirleik Dagnýjar Pétursdóttur organista. Sr. Bolli verður með orð og bæn.

Verið öll hjartanlega velkomin!



Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00
Sundlaug - tjaldstæði – gisting
Veidileyfi í Langavatn og Kringluvatn
Fjölbreyttar veitingar
sími 464 3903
www.heidarbaer.is
Seljum Veidikortið og Útilegukortið

Deiliskipulagið er í vinnslu og áætlað að það verði tilbúið í haust. Framkvæmd sumarsins, sérstakt átaksverkefni er einnig í undirbúningi og megin framkvæmd þess áætluð nú á haustdögum. Oddviti leggur til að Helga Erlingsdóttir verði ráðin sem verkefnisstjóri, tímabundið í hlutastarf, til að halda utan um fyrirhugaðar framkvæmdir við Goðafoss.

Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með verkefnið enda Goðafoss fjölsóttasti staður sveitarfélagsins og mikilvægt að aðkoma sé til fyrirmyndar og sveitarfélaginu til sóma. Sveitarstjórn samþykkir að ráða Helgu Erlingsdóttur sem verkefnastjóra yfir verkinu og felur sveitarstjóra að ganga frá ráðningarsamningi við hana.

2. Skipan í starfshóp um sormál

Á síðasta kjörtímabili var skipaður starfshópur til að vinna að framtíðarskipulagi sormála í Þingeyjarsveit. Starfshópurinn skipa Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson auk sveitarstjóra. Oddviti lagði til að bæta fulltrúa T-lista í starfshópinn og óskaði eftir tilnefningu. Ragnar Bjarnason tilnefndi Ara Teitsson sem fulltrúa T-lista.

Samþykkt að endurskipa þá fulltrúa A-lista sem fyrir voru í hópnunum og Ara Teitsson sem fulltrúa T-lista í starfshóp um sormál. Á hluthafafundi Sorpsamlags Þingeyinga þann 25. júlí s.l. var samþykkt að slíta samstarfi sveitarfélaga um hirðingu og förgun sorps í Sorpsamlagi Þingeyinga. Verkefni starfshópsins er að finna framtíðarlausn í sormálum sveitarfélagsins í samvinnu og sátt við íbúana. Sveitarstjórn telur þetta mikilvægt mál sem allir þurfa að taka þátt í.

3. Nýtt rekstrarleyfi – Knútsstaðir

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags 14. júlí s.l. þar sem Knútur Emil Jónasson sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistingar á Knútsstöðum í Aðaldal í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við leyfið fyrir sitt leyti.

4. Framhaldsaðalfundur Greiðrar leiðar ehf.

Lagt fram framhaldsaðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf. sem haldinn verður 14. ágúst n.k.

Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.



**Fundargerð
Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar
150. fundur
sveitarstjórnar Pingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 7. ágúst 2014 kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ásvaldur Evar Þormóðsson, Eiður Jónsson í forföllum Heiðu Guðmundsdóttur, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Ragnar Bjarnason.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 2. lið;
Skipan í starfshóp um sorpmál og aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

Dagskrá:

- Goðafoss
- Skipan í starfshóp um sorpmál
- Nýtt rekstrarleyfi – Knútsstaðir
- Framhaldsaðalfundur Greiðrar leiðar ehf.
- Frumathugun á ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu
- Bréf frá SSB orku
- Gerð landbótaáætlana
- Samningsdrög um refaveiðar
- Viðtalstímar kjörinna fulltrúa
- Styrkbeiðni – Félag eldri borgara í Pingeyjarsveit
- Fjárhagsstaða – sex mánaða staða lögð fram

1. Goðafoss

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefni og fyrirhuguðum framkvæmdum við Goðafoss. Búið er að veita styrki til verkefnisins úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 15 millj.kr. vegna stígagerðar, merkingar og uppgræðslu samkvæmt deiliskipulagi. Einnig var veittur sérstakur styrkur 15 millj.kr. vegna átaks til uppbyggingar á ferðamannastöðum 2014.

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum

fyrir **kl. 15:00.**



Kæru ættingjar, vinir og samferðafólk.

Í tilefni af okkar 50 ára afmæli á árinu, húsfreyjunar 8. janúar og bóndans 1. september, langar okkur að bjóða til samfagnaðar að Yðlum Aðaldal, laugardaginn 30 ágúst kl 20:00.

Húsið opnar kl 19:00. Boðið verður upp á veitingar kl 20:00 en ekki munum við bjóða upp á áfenga drykki en bar verður á staðnum fyrir þá sem vilja.

Til að húsfreyjan viti að nóg sé til af veitingum þá væri gott ef þú/þið getið látið vita um komu þína/ykkar helst fyrir 23 ágúst í síma 4643955/8920559, á facebook eða í gegnum emailið skborg@simnet.is.

Með kveðju, Siggí og Helga Skarðaborg.

KÆRU SVEITUNGAR!

Einn úr okkar hópi í Félagi eldri borgara í Grýtubakkahreppi, Gunnlaugur Lúthersson, er þessa dagana að berjast við illvígan sjúkdóm sem nýlega greindist hjá honum.

Gunnlaugur stendur nú frammi fyrir því að geta ekki aflað sér neinna tekna næstu mánuði en þurfa á sama tíma að gangast undir kostnaðarsamar meðferðir á sjúkrastofnunum.

Opnaður hefur verið reikningur í Sparisjóði Höfðhverfinga.

Reikningsnúmer 1187-05-400977,
kennitala 530511-1700.

Þarna geta þeir sem vilja hjálpa Gunnlaugi yfir erfiðasta hjallann lagt inn einhverja upphæð. Safnast þegar saman kemur.

Með þakklæti,
stjórn Félags eldri borgara í Grýtubakkahreppi

VARÚÐ!

ÍBÚAR ÞINGEYJARSVEITAR ATHUGIÐ!

Næstkomandi laugardag, 16. ágúst, fer fram þríbrautarkeppni þar sem meðal annars verður hjólað og hlaupið á þjóðvegum í Reykjadal og Aðaldal.

Við biðjum ykkur um að sýna sérstaka varkárni í akstri milli kl. 9:00 og 13:00 þann dag.

Framkvæmdaaðilar



Bjarmahátíð 2014 Fimmtudagskvöldið 21. ágúst

- Kl. 19:00 Hjólað frá Mörk út á Bjarmavöll (börn yngri en 10 ára hafa fullorðinn með).
- Kl. 19:30 Skoðunarferð um Hálsmelana.
- Kl. 20:15 Leikir og sprell á Bjarmavelli (Tröllabolti, Blak, Ringó, Stígvélakast (reynum að slá landsmótsmet Heiðu).
- Kl. 21:30 Lautarferð við pallinn, nesti, spjall, tónlist og dans Bjarmi býður ÖLLUM að taka þátt í fjörinu með okkur. Hægt er að velja að taka þátt í öllum dagskrárliðum eða einstökum. Ekki er skilyrði að vera skráður félagsmaður í Bjarma, skilyrði er að hafa góða skapið og gott að hafa smá nesti í lautarferðina.

Umf. Bjarmi

FEBÞ

Hautferð Félags eldri borgara í Þingeyjarsveit

Eldri borgarar í Þingeyjarsveit

Nú er komið að haustferðinni. Ætlunin er að fara fram Eyjafjörð og inn í Leyningshóla. Farið verður eftir 20. ágúst og valinn dagur þar sem veðurútlit er þokkalegt.

Allir 60 ára og eldri velkomnir.

Skrá þarf þátttöku fyrir 20. ágúst í síma 4643194 eða 4643638

Ferðanefnd

SPÝTUKALLINN 2014

- lítil þríþraut fyrir börn og byrjendur

Í tengslum við Þingeyska þríþraut sem haldin verður á Laugum laugardaginn 16. ágúst n.k. verður haldin þríþrautarkeppni fyrir börn og byrjendur fyrir þá sem vilja prófa þessa skemmtilegu samsetningu íþróttagreina. Þessa keppni köllum við Spýtukallinn

Í Spýtukallinum þurfa keppendur að byrja á að synda 150m, hjóla 4 km og að lokum hlaupa 1 km.

Keppt verður í tveimur flokkum,
10 - 15 ára og svo 16 ára og eldri.

Keppnin hefst kl. 13:00, eða eftir að öðrum keppnum er lokið.

Skráning fer fram á hlaup.is og lýkur skráningu fimmtudagskvöldið 14. ágúst. Allir keppendur þurfa að vera mættir í sundlaugina á Laugum 30 mín fyrir start.

Upplýsingar: hnikarr@laugar.is og Baldur@ub.is
og á Facebook síðunni „Þingeysk þríþraut á Laugum“



Þingeyjarsveit

Frá sundlauginni á Laugum

Vinsamlega athugið að síðasti dagur sumaropnunar verður sunnudaginn 17. ágúst.

Sundlaugin lokar vegna viðhalds og þrifa 18. ágúst.

Vetraropnun verður auglýst síðar.

Fylgist með okkur á facebook - Sundlaug Laugum

Síminn í sundlauginni er 862-3822 og sími forstöðumanns er 862-4677

Verið ávallt velkomin!

Ugla

kaffihúsið í Gamla barnaskólanum,
Skógum

**Síðasta helgi sumarsins
Ugla lokar að sinni eftir sunnudaginn 17. ágúst**

Laugardag og sunnudag er árbítur á sínum stað frá kl.
11 til 14
Virka daga eru heitir réttir til kl. 14
Kaffi/te, kökur og brauð allan daginn til kl. 17

**Bókastofan er opin þessa dagana og þar er hægt að
ná sér í fjölda fágætra bóka frá ýmsum tímum**

Gamli barnaskólinn er einstakur staður þar sem minningar
liggja í loftinu

Ugla nýtir eftir föngum innlent hráefni og sem mest úr
héraði, vistvænt og árstíðabundið Heimabakað brauð og
kökur, kæfur, súpur, salöt og saft

Við tökum á móti hópum í hádegis- og kvöldverð ef pantað er
fyrirfram

**Hópapantanir og upplýsingar:
Sími 895 3319**

Fylgist með okkur á Facebook - www.facebook.com/uglancafe

Verið velkomin!

32. tbl.
14. ágúst
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Fornir fimmtudagar 2014

Af óviðráðanlegum orsökum fellur niður fjórða og síðast
heimsóknin þetta árið, sem vera átti fimmtudaginn 14. ágúst.
Við þökkum öllum þeim sem mætt hafa í heimsóknir sumarsins
kærlega fyrir þátttökuna.
Sjáumst hress á næsta ári.



Hið þingeyyska fornleifafélag.

Smalanir í Fjallskiladeild Reykdæla 2014

Aðalsmölun skal fara fram sunnudaginn 7. september n.k.
Þó skal smala sunnan veggirðingar á Fljótshéið vestan
Seljadalsár laugardaginn 6. september.
Síðari smölun vestan Reykjadalárs skal fara fram 27. og
28. september n.k.
Síðari smölun austan Reykjadalárs skal fara fram 4. og 5.
október n.k.
Minnt er á skyldur eigenda og umráðamanna lands til
smölunar sbr. 32. og 33. gr. fjallskilasamþykktar svæðisins
nr. 618/2010.
Fjallskilasamþykktina er m.a. að finna á heimasíðu
Þingeyjarsveitar, www.thingeyjarsveit.is

Fjallskilastjóri